

Eystrahorn

23. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 20. júní 2019

www.eystrahorn.is

Kiwanis klúbburinn Ós gefur gjafir á Sjónarhól



Kiwanisfélagarnir Pétur Bragason forseti hjá Kiwanisklúbbnum Ós og Kristjón Elvarsson afhentu leikskólanum Sjónarhóli ýmis leiktæki föstudaginn 14. júní. Marianna Jónsdóttir leikstjórastjóri og Elínborg Hallbjörnsdóttir veittu gjöfunum viðtöku. Börnin vildu ólm prufa nýju hjólin og voru mjög glöð með gjafirnar.

Kiwanis eru góðgerðarsamtök sem vinna eftir einkunnar-

orðunum „Hjálpum börnum heims“ og leitast við að bæta líf og heilsu barna um allan heim og í heimabyggð.

Það stendur til að stofna kvennaklúbb í haust og eru allar konur frá aldrinum 18 ára og uppúr velkomnar að vera með og verða stofnfélagar. Nýir félagar eru líka ávallt velkomnir í Ós og best að ræða við næsta Ósfélaga um að koma á fund eða senda póst á osformulan@kiwanis.is.

Nýheimar þekkingarsetur á fundi í Pescara



NÝHEIMAR
ÞEKKINGARSETUR

Sustain it

Erasmus+

Nýheimar þekkingarsetur er þátttakandi í verkefninu SUSTAIN IT- Sjálfbærni í ferðaþjónustu – nýsköpun í þjálfun starfsfólks. Þann 29. maí síðastliðinn komu samstarfsaðilar verkefnisins saman í annað skipti, í Pescara- Ítalíu. Komnir voru saman átta þátttökuaðilar frá sex Evrópulöndum, Belgíu, Kýpur, Ítalíu, Íslandi, Írlandi og Spáni.

Verkefnið er fjármagnað af Erasmus+, samstarfsáætlun Evrópusambandsins og er samstarfsverkefni á sviði starfsmenntunar, KA2.

Markmið verkefnisins er að styrkja starfsfólk og fagfólk í sjálfbærri ferðaþjónustu í Evrópu og jafnframt að hlúa að vexti og samkeppnishæfni greinarinnar. Í SUSTAIN IT er markmiðið

að þróa hagnýtt og markvisst fræðsluefni sem verður bæði nýtt á hefðbundinn hátt í kennslu og sem verður einnig aðgengilegt sem stafrænt náms- og kennsluefni á vefsíðu verkefnisins.

Á fundinum var farið yfir þá kortlagningu sem unnin hefur verið í vetur á fræðslu og sjálfbærni í ferðaþjónustu í þeim löndum sem taka þátt í verkefninu. Farið var yfir stjórnunar- og kynningarmál innan verkefnisins ásamt því að innihald og uppbygging fræðsluefnisins sem mótað verður í verkefninu var rætt og áframhaldandi vinna skipulögð.

Fyrir frekari upplýsingar um SUSTAIN IT verkefnið má sjá vefsíðu: www.sustainit.eu

Hægt er að nálgast blaðið og eldri blöð á www.eystrahorn.is



Andlát

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi

Hilmar Árnason
frá Bræðraminni Bíldudal
til heimili að Silfurbraut 37,
Höfn Hornafirði



lést á gjörgæsludeild Landspítalans við
Hringbraut, föstudaginn 7. júní.

Útför hans verður laugardaginn 22. júní klukkan 14:00 frá
Eyvindarhólakirkju undir Eyjafjöllum.

Guðrún Anna Jónasdóttir
Jónas Ragnar Hilmarsson Marilyn Valler Bonifacion
Guðrún Hilmarsdóttir
Reynir Hilmarsson
barnabörn og barnabarnabörn

AÐALFUNDUR

Blús- og rokkklúbbs Hornafjarðar 2019

Aðalfundur Blús- og rokkklúbbs Hornafjarðar
verður haldinn á Hafnu,
mánudaginn 24. júní nk., kl. 20:00.

Hefðbundin aðalfundarstörf.

Félagar klúbbsins eru hvattir til að mæta
og nýir félagar eru boðnir velkomnir.

Stjórn Blús- og rokkklúbbs Hornafjarðar



Manstu eftir taupokanum?

ÞOKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland

Viðskiptavinir athugið

Rakastofan verður lokuð vegna sumarfría
eftirtalda daga:

26. - 27. júní

12. - 28 júlí

5. - 19. ágúst

Kveðja Baldvin



SKAPANDI MARGMIÐLUNARSTOFA

Prívíddargrafík,
umbrot og auglýsingagerð.
Hafðu samband:

tjorvi@upplausn.is

eða í síma
848-3933.



Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur:.... Guðlaug Hestnes

Úmbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126



Takk fyrir að flokka!

Að gefnu tilefni viljum við minna á að
söttmengaður og annar skaðlegur úrgangur á
ekki heima í **grænu tunnunni**.

Beittir hlutir, gler, nálar og annar söttmengaður
úrgangur á ekki erindi í endurvinnslu og getur
skaðað starfsfólk okkar að störfum.

ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

Frá Ferðafélagi Austur – Skaftfellinga

Eftir viðburðaríkan vetur í sögu ferðafélagsins með tjóni á göngubrú, simabúnaði og fleiru, eru hlutirnir að komast í eðlilegt horf. Vinna við endurgerð göngubrúar á Jökulsá í Lóni inni á Lónsöræfum er á lokastigi. Mikið og fallett mannvirki hefur risið upp á vordögum. Veðurguðirnir voru okkur hliðhollir sem gerði það að verkum að auðveldara var að koma efni á staðinn og einnig vinnuvélum til verksins.

Búið er að hanna og setja upp nýjan simabúnað út á Kjarrdalsheiði í stað þess eldri sem skemmdist í vatnstjóni í Skyndidalsá og er símasamband komið á í Múlaskála og Múlakoti.

Allt mun þetta kosta félagið okkar mikla fjármuni og viljum við minna á söfnunarreikning félagsins, sem stofnaður var til styrktar þessu verkefni.

Númer reikningsins er 0172-15-200004

kt:490295-2169.

Margt smátt gerir eitt stórt og vil ég þakka öllum þeim aðilum sem nú þegar hafa veitt okkur stuðning kærlega fyrir sitt framlag.

Vel er bókað í Múlaskála í sumar þó eitthvað hafi verið um afbókanir stóru ferðaskrifstofanna. Hlakka gestir okkar mikið til að koma og dvelja á þessum dásamlega stað sem Lónsöræfi eru.

Búið er að ráða skálaverði fyrir sumarið og einnig landvörð.

Að lokum vil ég þakka öllu því góða fólki sem tók þátt í Stóra – plokkeginum 28. apríl fyrir sitt framlag. Hvet ég svo alla til að gera sem flesta daga að plökkeðögum. Hreint umhverfi, fallett umhverfi.

Eigið ánægjulegt sumar.

Fyrir hönd Ferðafélags Austur- Skaftfellinga
Magnhildur Pétursdóttir



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR

Auglýsing vegna skipulagsmála

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 13. júní 2019 að auglýsa lýsingu vegna aðalskipulagsbreytinga á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér að opnu svæði verði breytt í íbúðarsvæði við Silfurbraut og Hvannabraut.

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir umsögn vegna lýsingu á aðalskipulagsbreytingu skv. skipulagslögum.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 22. júlí 2019 og skal skila skriflega á bæjarskrifstofur Hornafjarðar Hafnarbraut 27, 780 Höfn eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is.

Gunnaugur Róbertsson, skipulagsstjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Kassabílarall Landsbankans

Árvisst kassabílarall Landsbankans á Humarhátíð fer fram laugardaginn 29. júní. Kassabílarallið hefst kl. 13.00 fyrir utan Landsbankann. Keppendur geta verið á aldrinum 6-12 ára. Allir fá viðurkenningu en verðlaun verða veitt fyrir frumlegasta kassabílinn, þann flottasta og hraðskreiðasta.

Skráning og nánari upplýsingar eru í útibúi Landsbankans.

Sjáumst á Humarhátíð!
Starfsfólk Landsbankans á Hornafirði.



Sumarfrí - við mælum með Íslandi!

Íslendingar hafa alltaf verið duglegir að ferðast um landið sitt og líklega er algengasti ferðamáti Íslendinga innanlands með þeim hætti að keyra um landið og fara í útilegur með fjölskylduna. Notalegt er að grilla á tjaldsvæðum vítt og breitt um landið og frábært að skella sér í sund á fjölmörgum stöðum.

Íslendingar eru líka duglegir að ferðast erlendis en þá er ferðamatinn oftast nær annar. Þá gista Íslendingar á hótélum, borða á veitingastöðum og kaupa sér afþreyingu. Margir kannast eflaust við að hafa farið erlendis og borðað á fleiri veitingastöðum á einni viku en þeir gerðu allt síðasta ár á Íslandi! Þá kaupir fólk oft á tímum afþreyingu á borð við skemmtigarða, vatnsrennibrautagarða, þemagarða, sjóskíði, jet ski, jeppaferð, köfun, fjórhjólaferð, hjólaferð, skíðaferð, aðgang í söfn, matarupplifun með leiðsögn, gönguferð með leiðsögn og svo mætti lengi telja.

Á Íslandi er fjölbreytt afþreying í boði sem gefur afþreyingu erlendis ekkert eftir. Á Suðurlandi er til að mynda fjölbreytt afþreying á borð við hellaferðir, fjórhjólaferðir, rib bátaferðir, kajak, zipline, hestaferðir, köfun, hjólaferðir, jeppaferðir, íshellaferðir, snjósléðaferðir, gönguferðir með leiðsögn, fuglaskoðun, skoðunarferðir á margvísleg söfn, heimsókn í húsdýragarða og margt fleira. Matarupplifun á fjölbreyttum veitingastöðum er víða að finna á Suðurlandi þar sem boðið er upp á mat úr sunnlensku hráefni. Einnig er hægt að finna fjölbreytta gistingu um allt Suðurland eins og gistihús, hótél, íbúðagistingu, tjaldstæði, hostel, glamping (lúxus tjaldgisting) og ýmislegt fleira. Þetta fjölbreytta framboð af veitingastöðum, afþreyingu og gistingu er hluti af þeim jákvæðu áhrifum sem ferðaþjónustan hefur á samfélagið.

Glymum við að upplifa Ísland á sama hátt og við leyfum okkur að upplifa þegar við erum erlendis? Við erum vön því að geta gert skemmtilega hluti á Íslandi sem kosta lítið sem ekkert, eins og að fara í útilegu og sund, og leyfum okkur oft á tímum ekki að kaupa afþreyingu og upplifun á Íslandi líkt og við gerum erlendis.

Varðandi kolefnissporið þá er mun umhverfisvænna fyrir okkur



sem búum á Íslandi að ferðast um Ísland heldur en að taka flugið á erlenda grundu. Í því samhengi má bæði nefna samgöngumátann og það staðbundna hráefni sem við getum notið á ferðalagi okkar um landið. Ekki svo að við hættum að ferðast erlendis en við gætum stefnt að meira jafnvægi í ferðalögunum okkar og um leið minnkað flugvískubitið svokallaða.

Við mælum með því að fólk ferðist um Suðurland og landið allt í sumar og leyfi sér að upplifa allt það sem íslensk ferðaþjónusta býður upp á. Hægt er að nálgast upplýsingar um fjölbreytta afþreyingu, viðburði, veitingastaði og gistingu á <https://www.south.is/is>



Markaðsstofa Suðurlands

Markaðsstofa Suðurlands er hluti af stöðkerfi ferðaþjónustunnar á Suðurlandi. Tilgangur hennar er m.a. að hafa yfirsýn, gæta hagsmuna og veita upplýsingar um atvinnugreinina. Þessi grein er liður í að efla umræðu og fræðslu um áhrif ferðaþjónustu á svæðinu.



Baðvörður

Auglýst er eftir baðverði við íþróttahúsið Mánagarði.

Um er að ræða 50% starf til framtíðar, vinnutími er í samræmi við vaktatöflu.

Helstu verkefni:

Almennt eftirlit með umgengni í húsinu, gæsla í tengslum við fimleikaæfingar barna, þrif og minniháttar viðhald.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneðndar Sveitarfélaga við FOSS, BSRB og Afl Starfsgreinafélag. Æskilegt að umsækjandi geti hafið störf 1. september.

Nánari upplýsingar um starfið veitir forstöðumaður íþróttamiðstöðvar, Gunnar Ingi Valgerirsson í síma 899-1968.

Netfang: www.gunnaringi@hornafjordur.is

Umsóknarfrestur er til 30. júní 2019.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Hver hreppir hönnun nýs hjúkrunarheimilis??

Fimmtudaginn 20. júní 2019 verður tilkynnt með formlegum hætti hver hlýtur verðlaun í hönnunarsamkeppni um hönnun á nýju hjúkrunarheimili við Skjólgarð. Athöfnin ferð fram í Nýheimum kl. 15:30.

Allir áhugasamir velkomnir!

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri

Að gefnu tilefni!

Í síðustu viku var mikið um það rætt á samfélagsmiðlum að dýranið væri við líði hjá okkur á Tjörn II. Fóru ásakendur þar mikinn og vorum við bræðurnir á bænum sakaðir um líkamsmeiðingar, ýmisskonar ofbeldi, dýranið, hótanir og fleira í þeim dúr. Umræðan fór af stað þar sem myndband var birt af tveimur af hundunum okkar sem réðust á lamb og í kjölfarið fór af stað ótrúleg atburðarás þar sem öll atvik voru tekin úr samhengi meðal annars með því að birta myndir af öðru blóðugu lambi sem sagt var að fundist hafi hjá bænum og með alvarlegum ásökunum um líkamlegt ofbeldi og hótanir af okkar hálfu. Stærstum hluta þessara ásakana hefur nú verið eytt af internetinu en við eigum skjáskot af umræðunni sem er að miklu leyti bæði ósönn og særandi.

Við leitum okkur ráðgjafar vegna málsins og vildum bregðast við með réttum hætti, sérstaklega dýranna vegna. Ákveðið var að hafa samband við MAST sem þá þegar var á leiðinni á staðinn enda hafði lögreglu borist kvörtun vegna málsins. Jafnframt var haft samband við dýralækni hér á staðnum og óskað eftir að fá mat á því hvort aflífa ætti hundana og hvernig skyldi bregðast við að öðru leyti. Rétt er að geta þess að við samþykjum að sjálfsögðu ekki að hundarnir ráðist að lambi með þessum hætti og við höfum gert allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að slíkt gerist aftur.

Héraðsdýralæknir frá MAST kom á staðinn þegar daginn eftir atburðina og lá niðurstaða þeirrar heimsóknar fyrir í skýrslu frá 6. júní 2019. Þar kemur fram að ástæða þess

að MAST hafi verið kallað á staðinn sé sú að lögreglunni hafi borist ábending um tvo hunda sem hafi bitið fé á bænum og sagt hafi verið frá því að hundarnir gelti mikið og á öllum tímum sólarhrings auk þess sem myndband hafi verið sent með ábendingunni og á því sjáist hvar hundarnir bitu í ullarreifi á lambinu og togi en ekki sjáist á myndbandinu að hundarnir bitu í hold né sjáist skaði á dýrinu. Þá sjáist hvar eigandi komi hlaupandi og kalli hundana til sín og taki þá af vettvangi. Ekki voru gerðar athugasemdir við framgang eiganda við hundana.

Þá segir í skýrslunni að á samfélagsmiðlum hafi verið dreift myndbandi af blóðugu nýbornu lambi eftir hundabit eins og sagt væri á netinu. Við könnun á eyrnamarki lamsins sé umrætt lamb ekki frá viðkomandi bæ eða svæðinu í kring samkvæmt lögreglu og telur héraðsdýralæknir umrædda mynd vera frá öðru atviki en þessu.

Niðurstöður heimsóknarinnar voru þær að í hólfinu þar sem atvikið átti sér stað séu 8 ógeltir lambhrútar sem fæðst hafi árið 2018. Þeir hafi verið í ullinni og fullorðinsmerki vanti á þá. Að sögn eiganda ætli hann að rýja þá þegar fari að hlýna. Héraðsdýralæknir hafi skoðað hrútana og enginn af þeim hafi verið með áverka eða merki um hundabit heldur hafi verið að sjá að hundarnir hafi aðeins togað í ullina eins og virðist koma fram á myndbandi. Engin blóðug eða bitin lömb hafi verið á bænum.

Þá voru allir hundarnir skoðaðir. Holdarfar, feldhirða, tann- og klóhirða voru án athugasemda.

Jafnframt segir að þegar eftirlitsmaður hafi verið á staðnum hafi hundarnir verið rólegir miðað við að ókunnugur aðili sé í miðri stíu. Þeir hafi leikið sér og virst í góðu jafnvægi. Fullorðnu hundarnir hafi virkað vel hlýðnir en yngri hundarnir hafi enn verið undir þjálfun.

Þar sem hundarnir höfðu ekki skaðað lamb var það mat dýralæknis að ekki þyrfti að aflífa þá en við munum að sjálfsögðu hafa gott eftirlit með því að atvik eins og það sem sést á viðkomandi myndbandi endurtaki sig ekki. Það er von mín og okkar að með því að upplýsa um málavöxtu með þessum hætti og með því að bregðast við með því að fá ráðgjöf og aðstoð í málinu sé því nú lokið og aðrir aðilar málsins láti gott heita í ásökunum og rógburði á netinu. Við munum ekki leggja fram kærur í málinu að svo stöddu enda erum við hvorki að sækjast eftir peningum né hefndum heldur einungis því að fá frið fyrir ásökunum sem dunið hafa á okkur undanfarið og varpa ljósi á okkar hlið málsins og hvernig hefur verið brugðist við af okkar hálfu. Það er von okkar að þessar upplýsingar um staðreyndir málsins verði til þess að lægja öldurnar og munu þetta verða okkar einu viðbrögð við málinu. Ef einhverjir hafa áhuga á að nálgast skýrslu MAST eða fá staðfestingu á því sem hér kemur fram er velkomið að fá afrit skýrslunni.

*Með vinsemd og virðingu
Agnar Ólafson Tjörn II*



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Breyting á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030

Þétting byggðar í Innbæ

Bæjarstjórn Hornafjarðar samþykkti þann 13. júní tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í skilgreina allt að 15.000 m³ efnistöku í árfarvegi Kvíar.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsstjóra Hornafjarðar.

Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Auglýsing um framkvæmdaleyfi

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur samþykkt að veita framkvæmdaleyfi vegna efnistöku í námu E40 og E43 og að verkið skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Til stendur að vinna grjót úr námu E40 í landi Svínafells og E43 í landi Viðborðssels. Fyrirhugað er að taka allt að 20.000 m³ úr E43 og 15.000 m³ úr E40. Grjótið mun verða notað í varnargarða í Kolgrafardalsá sem skemmdust vegna vatnselgs árið 2017. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála til 18. júlí 2019.

*Höfn í Hornafirði 18. júní 2019
F.h. bæjarstjórnar, Gunnlaugur Róbertsson
skipulagsstjóri*

VERÐ-
SPRENGJA!

Afsláttur til félagsmanna

30% afsláttur af öllum vörum frá Maku

Afsláttur gildir frá 20. - 23. júní í öllum verslunum Nettó og Kjörbúðarinnar

Stálrör

4 í pakka

419 kr

Verð áður 598 kr



Tréhnífapör

10 í pakka

349 kr

Verð áður 498 kr



Hitabrúsi

500 ml

909 kr

Verð áður 1.298 kr



Hitabrúsi

750 ml

1.259 kr

Verð áður 1.798 kr



**Hamborgara-
pressa**

909 kr

Verð áður 1.298 kr



Oliupappi

í franskagrindur

559 kr

Verð áður 798 kr



Vírkarfa

fyrir franskar

622 kr

Verð áður 889 kr



**Stafrænn
kjöthitamælir**

1.259 kr

Verð áður 1.798 kr



Kjöthitamælir

209 kr

Verð áður 299 kr



Palm Leaf diskur

16x24cm, 20x20cm eða 25x25cm

489 kr

Verð áður 698 kr



-30%

Afsláttur af
öllum vörum
úr Maku línunni

Maku
KITCHEN LIFE

Lambalærissneiðar

Í suðrænum kryddlegi

1.637 kr/kg

Verð áður 2.598 kr/kg

-37%



-36%

Grísahnakkasneiðar

BBQ

1.791 kr/kg

Verð áður 2.798 kr/kg



Hjá okkur getur
þú borgað með
Netgíró og skipt
greiðslum eins
og þér hentar!



netgíró

nettó

KJÖRBÚÐIN
í næsta nágrenni